

3. gr.

Bifreiðastjórar, sem hafa kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi, leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3 tonna sendiferðabifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 15% gjald af fob-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (45%) með skuldabréfi. Þeir bifreiðastjórar, sem hafa öku-kennslu að aukastarfi og þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa aksturinn að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 45% gjald af fob-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (15%) með skuldabréfi.

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins, þegar um er að ræða skuld leigu- eða sendiferðabifreiðastjóra, sem hefur greitt 45% gjald með skuldabréfi en að fimm árum liðnum þegar um er að ræða skuld ökukennara svo og bifreiðastjóra, sem greitt hefur 15% gjald með skuldabréfi miðað við það, að hann hafi akstur leigu- og sendiferðabifreiða að aukastarfi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171/1967 um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

13. marz 1969.

Nr. 42.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 30 16. maí 1966.**

1. gr.

Við Viðauka 2 við reglugerðina bætist í 5. lið hámarksskammtar fullorðinna:

	Einst. sk.	Dagsk.
Amitriptylinum	50 mg	150 mg
Carbimazolom	10 mg	20 mg
Chloralodolum	4.8 g	4.8 g
Dihydroergotamini mesylas:		
til inntöku	4 mg	12 mg
til inndælingar	1 mg	3 mg
Flubenisolonum	2 mg	4 mg
Methaqualoni chloridum	0.6 g	0.6 g
Methocarbamolom	2 g	8 g
Methyldopum	0.5 g	2 g
Phenformini chloridum	50 mg	100 mg
Pyrimethaminum	30 mg	30 mg

2. gr.

Eftirtaldir hámarksskammtar í Viðauka 2, 5. lið hámarksskammtar fullorðinna, breytast sem hér segir:

Lithii carbonas, einst. skammtur verður 0.4 g, dagsk. verður 1.2 g.

Lithii citras, einst. skammtur verður 1 g, dagsk. verður 3 g.

3. gr.

Í Viðauka 2 við reglugerðina, 6. lið hámarksskammtar handa dýrum, kemur orðið cyacetacidum í stað orðsins cyanacetohydrazidum í lista yfir lyf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 23. gr. lyfsöludaga nr. 30/1963, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. marz 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu frá 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna „20. marz 1969“ í síðustu málsgrein 1. gr. auglýsingarinnar komi orðin: 15. apríl 1969.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.